

## Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2004

### *Risk of poverty and income distribution 2003–2004*

*Samantekt* Árin 2003 og 2004 voru tæplega 10% landsmanna á einkaheimilum fyrir neðan lágtekjumörk (at risk of poverty) eins og þau eru skilgreind í lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Lágtekjumörkin voru 102.664 kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2004 en 215.594 kr. fyrir tvo fullorðna með tvö börn.

Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2004, var hæst í aldurshópnum 16–24 ára, eða 15,4% , en lægst í aldurshópnum 50–64 ára, eða 5,9%.

Hlutfallslega fleiri sem bjuggu einir voru undir lágtekjumörkum en þeir sem bjuggu með öðrum. Sama gildir um þá sem bjuggu í leiguhúsnæði samanborið við þá sem bjuggu í eigin húsnæði.

Þegar þau 20% landsmanna sem hafa hæstar ráðstöfunartekjur, eru borin saman við þau 20% sem hafa lægstar ráðstöfunartekjur (fimmtungastuðull) árið 2004 kemur í ljós að tekjuhæsti hópurinn var með 3,5 sinnum hærri tekjur en sá tekjulægsti. Gini-stuðullinn, sem sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal allra landsmanna sem búa á einkaheimilum, var 0,24 árið 2003 og 0,25 árið 2004. Stuðullinn væri 1 ef sami maðurinn væri með allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

Af 31 Evrópuþjóð árið 2004 var ein þjóð með lægra lágtekjuhlutfall en Íslendingar, tvær með sama hlutfall en 27 þjóðir með hærra lágtekjuhlutfall. Tvær þjóðir voru með lægri fimmtungastuðul en Íslendingar en 28 með hærri stuðul. Loks voru þrjár Evrópuþjóðir með lægri Gini-stuðul en Íslendingar en 27 þjóðir með hærri stuðul.

### Inngangur

Í byrjun árs 2004 hóf Hagstofa Íslands að framkvæma lífskjararannsókn sem er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Sambærileg rannsókn er gerð í öllum löndum Evrópusambandsins, í Noregi og í Sviss. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og er gengið út frá heimilum sem grunneiningu þegar efnahagsleg staða fólks er metin. Heimilistekjur eru því samanlagðar tekjur allra sem þar búa.

Við hönnun lífskjararannsóknarinnar var lagt upp með að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnvaldsskrám, en sneiða jafnframt hjá göllunum. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru



fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Fyrsta rannsóknin hér á landi var gerð í ársbyrjun 2004 og var viðmiðunarárið 2003. Í þessu hefti er fjallað um rannsóknirnar sem gerðar voru árið 2004 og 2005 en þær vísa til tekna næsta árs á undan. Í skýringum aftast má sjá túlkun á aðferðum og hugtökum. Skýringarnar eru númeraðar og verður vísað í þau númer eftir því sem við á (sjá, bls. 14).

**Tafla 1. Fjöldi þátttakenda og svarhlutfall**

*Table 1. Number of participants and response rate*

	2004	2005
Svarhlutfall <i>Response rate</i>	75%	76%
Fjöldi heimila í úrtaki <i>Number of households in sample</i>	4.000	4.018
Fjöldi heimila sem tók þátt <i>Number of households who responded</i>	2.907	2.958
Fjöldi heimilismanna 16 ára og eldri <i>Household members 16 or older</i>	6.667	6.744
Heildarfjöldi heimilismanna <i>Total number of household members</i>	8.870	8.927

## Helstu niðurstöður

Eins og áður sagði þá er lífskjararannsóknin hluti af evrópsku lífskjararannsókninni og því er stuðst við skilgreiningar hennar. Evrópusambandið notast við hlutfallslega (eða afstæða) aðferð við að mæla hversu stór hópur fellur fyrir neðan tiltekin skilgreind mörk hverju sinni. Þessi mörk nefnast á ensku „at-risk-of-poverty“ sem vísar til þess hóps sem hefur svo lágar ráðstöfunartekjur að hann er talinn vera í áhættu um fátækt. Í þessari skýrslu er valið að nefna þetta lágtekjumörk, bæði vegna þess að það vísar einvörðungu til tekna og er tiltölulega þjálft í munni. Þessi hlutfallslega (eða afstæða) aðferð byggir á þeirri hugmynd að sá teljist undir lágtekjumörkunum sem ekki býr við þau lífskjör sem eru einkenndandi fyrir það samfélag sem hann lifir í. Einstaklingur sem er með meðaltekjur í öðru Evrópulandi gæti því fallið undir viðmiðunarmörkin á Íslandi þó hann geri það ekki í heimalandi sínu. Jafnframt er óvíst að allir þeir sem eru fyrir neðan lágtekjumörk á Íslandi, búi við þröngan kost. Það veltur til dæmis á eignum, skuldastöðu og ýmsum öðrum þáttum.

Til þess að finna lágtekjumörkin þarf að reikna út ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 4, bls. 14). Ráðstöfunartekjur (skýring 3, bls. 14) eru tekjur heimilisins eftir skatta. Greiðslur, bætur og styrkir frá ríki og sveitarfélögum eru hluti af ráðstöfunartekjum (skýring 2, bls. 14). Fjármagnstekjur teljast einnig til ráðstöfunartekna en söluhagnaður verð- og hlutabréfa er undanskilinn (skýring 2, bls. 14). Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu taka mið af heildartekjum heimilisins en taka jafnframt tillit til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilis sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er tekið tillit til þess að útgjöld vegna barna eru lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Þannig fær fyrsti fullorðni einstaklingurinn vægið 1,0, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vægið 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vægið 0,3. Heimili með tveimur fullorðnum, 14 ára eða eldri, og tveimur börnum undir 14 ára aldri fær því vogina  $1 + 0,5 + 0,3 + 0,3 = 2,1$  neyslueiningu.

Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu var 171.107 kr. árið 2004

Lágtekjumörk, samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, eru 60 % af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Miðgildið er sú tala sem lendir í miðjunni þegar ráðstöfunartekjum á neyslueiningu er raðað upp frá þeim lögstu til þeirra hæstu. Þeir sem eru með lægri tekjur en 60% af miðgildinu teljast undir lágtekjumörkum (at-risk-of-poverty). Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu er sýnt í töflu 2 hér að neðan.

Á árinu 2004 var miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu 171.107 kr. á mánuði en 161.547 kr. árið áður. Þessi tala miðast við einstakling sem býr einn. Heimili þar sem fleiri búa, þurfa hærri tekjur til að hafa sambærileg lífskjör. Til að taka mið af stærðarhagkvæmni heimila þarf að reikna út hversu margar neyslueiningar hvert heimili er. Ef við tökum eins og áður dæmi af fjögurra manna fjölskyldu þar sem tveir einstaklingar eru 14 ára eða eldri og tveir yngri en 14 ára þá fær heimilið vogina 2,1 neyslueiningu ( $1,0 + 0,5 + 0,3 + 0,3 = 2,1$ ). Þannig þurfa þessir tveir fullorðnu einstaklingar með tvö börn að hafa 359.325 kr. ( $2,1 * 171.107$  kr.) samtals í ráðstöfunartekjur til þess að teljast hafa jafngóð lífskjör og fyrrnefndur einstaklingur hafði árið 2004 (skýring 4, bls. 14).

**Tafla 2. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, tíundarhlutar**  
Table 2. *Equivalised disposable income, percentiles*

	2003	2004	2003	2004
	Á mánuði	Á mánuði	Á ári	Á ári
	<i>Per month</i>	<i>Per month</i>	<i>Per year</i>	<i>Per year</i>
10%	96.783	103.968	1.161.390	1.247.614
20%	115.927	125.212	1.391.119	1.502.544
30%	133.419	140.640	1.601.029	1.687.686
40%	147.897	156.186	1.774.765	1.874.229
50%	161.547	171.107	1.938.566	2.053.279
60%	177.076	187.236	2.124.911	2.246.828
70%	196.258	205.375	2.355.095	2.464.505
80%	220.977	235.042	2.651.720	2.820.503
90%	261.182	281.410	3.134.183	3.376.915

**Skýringar** Notes: Hlutfallstölurnar sýna það hlutfall einstaklinga sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en upphæðin sem gefin er. Til dæmis eru 50% einstaklinga með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu á mánuði árið 2004 en 171.107 kr. *The percentiles show the percentage of persons with lower income than the given amounts. For example 50% of persons have equivalised disposable income which is lower than 171,107 ISK per month in 2004.*

Lágtekjumörk voru 102.664 kr. í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu árið 2004 fyrir einstakling sem bjó einn en 215.594 kr. fyrir tvo fullorðna með tvö börn

Lágtekjumörk árið 2004 voru 102.664 kr. á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 102.664 kr. á mánuði voru þannig undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarandi upphæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir 14 ára og eldri og tvö börn yngri en 14 ára, var 215.594 kr. á mánuði (skýring 1, bls. 14).

**Tafla 3. Lágtekjumörk, tvö dæmi**Table 3. *At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)*

	2003	2004	2003	2004
	Kr. á mánuði	Kr. á mánuði	Kr. á ári	Kr. á ári
	<i>Per month</i>	<i>Per month</i>	<i>Per year</i>	<i>Per year</i>
Einn á heimili <i>One person household</i>	96.928	102.664	1.163.139	1.231.968
Tveir fullorðnir og tvö börn <i>Two adults and two children</i>	203.549	215.594	2.442.593	2.587.132

Lágtekjumörk eru hlutfallsleg eða afstæð skv. skilgreiningu Evrópusambandsins

Til að undirstrika það að lágtekjumörkin eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins má sjá af töflu 4 hér að neðan hvernig sá hópur sem fellur fyrir neðan viðmiðunarmörkin stækkar eða minnkar þegar mörkin eru færð til. Samkvæmt viðmiði Evrópusambandsins voru 9,7% Íslendinga undir lágtekjumörkum árið 2004. Ef lágtekjumörkin eru sett við 50% af miðgildi, líkt og OECD gerir, væru 5,3% fyrir neðan þau en ef miðað er við 70% væru 16,8% fyrir neðan mörkin.

**Tafla 4. Dreifing einstaklinga eftir lágtekjumörkum**Table 4. *Dispersion around the at-risk-of-poverty threshold*

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	<i>Percentage</i>	<i>Percentage</i>	<i>CI</i>	<i>Estimated number</i>
Viðmið 40%	2,6	2,8	± 0,6	8.100
Viðmið 50%	5,4	5,3	± 0,9	15.200
Viðmið 60%	10,0	9,7	± 1,2	27.600
Viðmið 70%	18,2	16,8	± 1,4	48.000

**Skýringar** Notes: Vikmörk voru reiknuð fyrir árið 2003 en breytast lítið sem ekkert á milli ára. Því er óhætt að nota sömu vikmörkin á bæði árin 2003 og 2004. *Confidence interval (CI) was calculated for the year 2003. There is very little or no change in confidence intervals between the years, therefore the same interval is used for both 2003 and 2004.*

Tæplega 10% voru undir lágtekjumörkum miðað við skilgreiningu Evrópusambandsins

Eins og áður kom fram voru 9,7% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins árið 2004 og verður gengið út frá sömu viðmiðunum hér. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var nokkuð svipað hjá konum og körlum, eða 9,5% og 9,8%. Vikmörkin í töflunni sýna þá óvissu sem mælingin hefur í för með sér þar sem um úrtakskönnun er að ræða (skýring 10, bls. 14).

Þegar horft er til aldurs var hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum hæst í aldurshópnum 16–24 ára, eða 15,4% árið 2004. Í þessum aldurshópi voru 14% karla undir lágtekjumörkum og 16,8% kvenna. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst í aldurshópnum 50–64 ára eða 5,9%, 7,2% meðal karla og 4,6% meðal kvenna. Í aldurshópnum 0–15 ára voru 10,1% undir lágtekjumörkum árið 2004.


**Tafla 5. Lágtekjuhlutfall eftir aldri og kyni**  
**Table 5. At-risk-of-poverty rate by age and gender**

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	Percentage	Percentage	CI	Estimated number
<b>Allur aldur All ages</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	10,0	9,7	± 1,2	27.500
Karlar <i>Males</i>	9,7	9,8	± 1,2	14.100
Konur <i>Females</i>	10,3	9,5	± 1,4	13.500
<b>0–15 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	11,5	10,1	± 2,3	7.500
<b>16–24 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	15,6	15,4	± 2,5	5.400
Karlar <i>Males</i>	13,3	14,0	± 3,1	2.500
Konur <i>Females</i>	18,0	16,8	± 3,6	2.900
<b>25–49 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,3	9,1	± 1,3	9.200
Karlar <i>Males</i>	9,4	9,1	± 1,6	4.600
Konur <i>Females</i>	9,2	9,1	± 1,6	4.600
<b>50–64 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	4,5	5,9	± 1,5	2.600
Karlar <i>Males</i>	4,3	7,2	± 1,7	1.600
Konur <i>Females</i>	4,7	4,6	± 1,9	1.000
<b>65 og eldri and over</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,8	9,3	± 2,9	2.800
Karlar <i>Males</i>	8,7	8,7	± 3,6	1.200
Konur <i>Females</i>	10,7	9,8	± 3,8	1.600
<b>16 og eldri and over</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,5	9,5	± 1,0	20.100
Karlar <i>Males</i>	9,0	9,5	± 1,1	10.000
Konur <i>Females</i>	10,0	9,5	± 1,3	10.100
<b>16–64 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,4	9,6	± 1,0	17.200
Karlar <i>Males</i>	9,0	9,6	± 1,2	8.800
Konur <i>Females</i>	9,9	9,5	± 1,3	8.500
<b>0–64 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	10,0	9,7	± 1,2	24.700
Karlar <i>Males</i>	9,8	9,9	± 1,3	12.800
Konur <i>Females</i>	10,3	9,5	± 1,5	11.900

Af 31 Evrópuþjóð árið 2004 var ein þjóð, Svíar, með lægra lágtekjuhlutfall en Íslendingar, tvær með sama hlutfall, Slóvenar og Tékkar, en 27 þjóðir með hærri lágtekjuhlutfall.

### Mynd 1. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2004

Figure 1. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2004



**Skýringar** Notes: Tölur fyrir Slóveníu, Tékkland og Danmörku eru frá 2002. Tölur fyrir Pólland eru frá 2003. Ensk landaheiti eru í töflu 13. Figures for Slovenia, Czech Republic and Denmark are from 2002. Figures for Poland are from 2003. Country names in English are in table 13.

**Heimild** Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Atvinnulausir eru líklegri en starfandi til að lenda fyrir neðan lágtekjumörkin

Þegar litið er til stöðu fólks á vinnumarkaði (skýring 6, bls. 14) sést að hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum var 25,4% meðal atvinnulausra en 7,9% meðal starfandi fólks árið 2004. Vegna þess hversu fáir einstaklingar eru á bak við mælinguna á atvinnuleysi eru vikmörkin víð og endurspeglar það hversu hópurinn er viðkvæmur fyrir sveiflum.

**Tafla 6. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni**  
 Table 6. *At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender*

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	Percentage	Percentage	CI	Estimated number
<b>Heildarfjöldi Total</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	9,4	9,4	± 1,0	19.100
Karlar <i>Males</i>	8,9	9,3	± 1,2	9.500
Konur <i>Females</i>	9,8	9,4	± 1,3	9.500
<b>Starfandi Employed</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	7,0	7,9	± 1,0	11.900
Karlar <i>Males</i>	7,3	8,5	± 1,2	6.800
Konur <i>Females</i>	6,7	7,3	± 1,2	5.100
<b>Atvinnulausir Unemployed</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	25,7	25,4	± 11,7	500
Karlar <i>Males</i>	27,9	14,8	± 15,4	100
Konur <i>Females</i>	23,2	33,3	± 17,9	300
<b>Á eftirlaunum Retired</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	11,4	10,2	± 3,1	2.900
Karlar <i>Males</i>	9,1	9,3	± 4,1	1.100
Konur <i>Females</i>	13,1	10,8	± 4,0	1.800
<b>Aðrir utan vinnu Other inactive</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	18,1	16,7	± 3,1	3.700
Karlar <i>Males</i>	17,4	15,9	± 4,5	1.500
Konur <i>Females</i>	18,6	17,2	± 3,8	2.300

Þeim sem búa einir er hættara við að lenda fyrir neðan lágtekjumörkin en öðrum

Um 23% þeirra sem bjuggu einir árið 2004 voru undir lágtekjumörkum, 10,2% fullorðinna sem bjuggu á heimilum þar sem báðir voru undir 65 ára aldri og 2,9% fullorðinna sem bjuggu á heimili þar sem að minnsta kosti annar aðilinn var 65 ára eða eldri (skýring 7, bls. 14).

**Tafla 7. Lágtekjuhlutfall einstaklinga eftir heimilisgerð**

Table 7. *At-risk-of-poverty rate of persons by household type*

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	Percentage	Percentage	CI	Estimated number
<b>Heimili án barna</b>				
<i>Households without dependent children</i>	11,2	11,3	± 1,6	12.000
Einn á heimili				
<i>One person households, total</i>	22,1	23,1	± 3,9	7.200
Einn á heimili, karl				
<i>One person households, male</i>	21,3	24,8	± 5,0	3.800
Ein á heimili, kona				
<i>One person households, female</i>	23,0	21,3	± 5,5	3.300
Einn á heimili, undir 65				
<i>One person households, under 65 years</i>	21,7	23,8	± 4,4	4.900
Einn á heimili, 65 og eldri				
<i>One person households, 65 years and over</i>	22,8	21,6	± 6,8	2.300
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn				
<i>Two adults under 65 years, no children</i>	9,3	10,2	± 2,5	3.400
Tveir fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn				
<i>Two adults, at least one 65+ years, no children</i>	3,0	2,9	± 2,0	600
Önnur barnlaus heimili				
<i>Other, no dependent children</i>	2,3	4,0	± 2,0	900
<b>Heimili með börn</b>				
<i>Households with dependent children</i>	10,7	8,7	± 2,1	15.500
Einstætt foreldri með barn eða börn				
<i>Single parent, one or more dependent child</i>	23,2	15,4	± 9,5	2.800
Tveir fullorðnir með 1 barn				
<i>Two adults, 1 dependent child</i>	8,4	7,4	± 3,5	2.300
Tveir fullorðnir með 2 börn				
<i>Two adults, 2 dependent children</i>	8,6	8,6	± 3,1	4.300
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri				
<i>Two adults, 3 or more dependent children</i>	11,7	10,9	± 5,1	4.500
Önnur heimili með börn				
<i>Other households with dependent children</i>	6,2	4,2	± 3,8	1.600



Tiltölulega margir leigjendur voru undir lágtekjumörkum

Hærra hlutfall þeirra sem búa í leiguhúsnæði er undir lágtekjumörkum en þeirra sem búa í eigin húsnæði. 23,6% þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði voru undir lágtekjumörkum árið 2004 samanborið við 7,7% húseigenda. Sambærilegar tölur fyrir árið á undan voru 20,2% leigjenda og 8,5% húseigenda.

**Tafla 8. Lágtekjuhlutfall eftir eigin og leiguhúsnæði**

Table 8. *At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	Percentage	Percentage	CI	Estimated number
<b>Alls Total</b>	<b>10,0</b>	<b>9,7</b>	<b>± 1,2</b>	<b>27.600</b>
Eigandi eða leigir frítt				
<i>Owner or rent free</i>	8,5	7,7	± 1,2	19.400
Leigjandi <i>Tenant</i>	20,2	23,6	± 4,1	8.100

Greiðslur úr félagslega kerfinu skipta miklu máli fyrir elsta hópin

Þegar ellilífeyrir, örorkubætur og ekknabætur eru taldar með ráðstöfunartekjum (tafla 9) en aðrar félagslegar greiðslur undanskildar (skýring 3, bls. 14) voru 19,9% undir lágtekjumörkum árið 2004. Hlutfallið var lægst hjá elsta aldurshópnum, eða 13,9%.

**Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir að greiddur hefur verið ellilífeyrir, örorkubætur og ekknabætur en án annarra félagslegra greiðslna**

Table 9. *At-risk-of-poverty rate before social transfers except old-age and survivors benefits*

	2003	2004	2003–2004	2004
	Hlutfall %	Hlutfall %	Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	Percentage	Percentage	CI	Estimated number
<b>Allur aldur All ages</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	19,1	19,9	± 1,0	56.700
Karlar <i>Males</i>	18,2	19,7	± 1,1	28.200
Konur <i>Females</i>	19,9	20,1	± 1,1	28.500
<b>0–15 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	24,8	24,6	± 2,3	18.400
<b>16 og eldri and over</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	17,2	18,2	± 1,0	38.300
Karlar <i>Males</i>	16,0	17,5	± 1,4	18.400
Konur <i>Females</i>	18,4	18,9	± 1,5	19.900
<b>16–64 ára years</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	17,6	18,9	± 1,1	34.100
Karlar <i>Males</i>	16,5	18,2	± 1,5	16.600
Konur <i>Females</i>	18,8	19,6	± 1,5	17.500
<b>65 og eldri and over</b>				
Karlar og konur <i>Males and females</i>	14,7	13,9	± 2,1	4.200
Karlar <i>Males</i>	12,8	12,9	± 4,1	1.800
Konur <i>Females</i>	16,3	14,8	± 4,3	2.400

Þegar ellilífeyrir, örorku- og ekknaþætur eru dregnar frá ráðstöfunartekjum sést veruleg breyting á högum elsta aldurshópsins því 81,0% af þeim sem eru 65 ára og eldri falla þá undir lágtekjumörkin árið 2004. Greiðslur úr almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfinu skipta því verulegu máli fyrir þennan aldurshóp.

**Tafla 10. Lágtekjuhluftall þegar sleppt er öllum félagslegum greiðslum, þar með talið elli, örorku- og ekknaþótum**

Table 10. *At-risk-of-poverty rate before social transfers including old age and survivors benefits*

	2003	2004	2003–2004	2004 Áætlaður fjöldi
	Hlutfall % Percentage	Hlutfall % Percentage	Vikmörk CI	Estimated number
<b>Allur aldur All ages</b>				
Karlar og konur Males and females	28,5	28,4	± 1,4	81.100
Karlar Males	26,4	27,2	± 1,5	38.900
Konur Females	30,5	29,7	± 1,7	42.100
<b>0–15 ára years</b>				
Karlar og konur Males and females	26,1	25,7	± 2,8	19.100
<b>16 og eldri and over</b>				
Karlar og konur Males and females	29,2	29,4	± 1,2	62.000
Karlar Males	26,6	27,3	± 1,4	28.700
Konur Females	31,9	31,5	± 1,4	33.200
<b>16–64 ára years</b>				
Karlar og konur Males and females	20,2	20,7	± 1,3	37.300
Karlar Males	18,4	19,7	± 1,5	17.900
Konur Females	22,0	21,7	± 1,6	19.400
<b>65 og eldri and over</b>				
Karlar og konur Males and females	82,4	81,0	± 2,9	24.700
Karlar Males	78,8	76,6	± 3,8	10.800
Konur Females	85,4	84,8	± 3,1	13.900

Tekjuhæsti fimmtungurinn hefur 3,5 sinnum meira en tekjulægsti fimmtungurinn

Kvarðinn S80/S20 (fimmtungastuðull) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og tekna þeirra 20% tekjulægstu. Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum árið 2003 höfðu 3,4 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum og 3,5 sinnum meira árið 2004.

**Tafla 11. Fimmtungastuðull, S80/S20**


Table 11. *Inequality of income distribution S80/S20*

	2003	2004	2003–2004	2004
	S80 / S20	S80 / S20	Vikmörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
Allir Total	3,4	3,5	± 0,2	114.200

Upplýsingar um fimmtungastuðul eru tiltækar fyrir 31 Evrópuríki. Í tveimur þeirra, Slóveníu og Svíþjóð, er stuðullinn lægri en á Íslandi en í hinum 28 ríkjunum er hann hærri. Lægstur er stuðullinn í Slóveníu en hæstur í Tyrklandi. Þegar horft er til nágrannalanda Íslands er fimmtungastuðullinn lægri í Svíþjóð en á Íslandi sem fyrr segir en hærri í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Írlandi og Bretlandi.

## Mynd 2. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2004

Figure 2. Income quintile share ratio, European comparison 2004



**Skýringar** Notes: Tölur fyrir Króatíu, Slóveníu og Tyrkland eru frá 2002. Tölur fyrir Búlgaríu eru frá 2003. Ensk landaheiti eru í töflu 13. Figures for Croatia, Slovenia and Turkey are from 2002. Figures for Bulgaria are from 2003. Country names in English are in table 13

**Heimild** Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Gini-stuðullinn er 0,24 árið 2003  
en 0,25 árið 2004


Svonefndur Gini-stuðull sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna. Gini-stuðullinn væri 1 ef allar tekjurnar tilheyrðu sama einstaklingnum en aðrir hefðu ekkert, en stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðulinn á Íslandi var 0,24 árið 2003 en 0,25 árið 2004. Gini-stuðullinn er ólíkur fimmtungastuðlinum að því leyti að hann tekur tillit til alls talnasafnsins en fimmtungastuðullinn notar bara hæstu og lægstu 20%.

**Tafla 12. Gini-stuðullinn**  
*Table 12. The Gini coefficient*

	2003	2004	Vikmörk	2004
	Gini	Gini	CI	Áætlaður fjöldi
				<i>Estimated number</i>
Allir <i>Total</i>	0,24	0,25	± 0,01	285.500

Í evrópskum samanburði höfðu þrjár þjóðir lægri Gini-stuðul en Íslendingar árið 2004 en 27 þjóðir hærri stuðul. Lægstur var Gini-stuðullinn hjá Slóvenum en hæstur hjá Tyrkjum. Þegar horft er til nágrannaþjóða Íslendinga voru Svíar og Danir með lægri Gini-stuðul en Íslendingar, en Finnar, Norðmenn, Írar og Bretar með hærri stuðul.

**Mynd 3. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2004**  
*Figure 3. The Gini coefficient, European comparison 2004*



**Skýringar** *Notes:* Tölur fyrir Bretland, Króatíu, Slóveníu og Tyrkland eru frá 2002. Tölur fyrir Búlgaríu eru frá 2003. Ensk landaheiti eru í töflu 13. *Figures for United Kingdom, Croatia, Slovenia and Turkey are from 2002. Figures for Bulgaria are from 2003. Country names in English are in table 13.*

**Heimild** *Source:* Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

**Tafla 13. Lágtekjuhlutfall, fimmtungastuðull og Gini-stuðull, evrópskur samanburður 2004**

Table 13. *At-risk-of-poverty rate, S20/S80 and Gini coefficient, European comparison 2004*

	Lágtekjumörk, % <i>At-risk-of-poverty</i>	Fimmtungastuðull <i>S20/S80</i>	Gini-stuðull <i>Gini coefficient</i>
Austurríki <i>Austria</i>	12	3,8	0,26
Belgía <i>Belgium</i>	15	4,1	0,28
Bretland <i>United Kingdom</i>	19	5,6	0,34
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	15	4,0	0,26
Danmörk <i>Denmark</i>	12	3,5	0,24
Eistland <i>Estonia</i>	18	5,9	0,34
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	16	4,9	0,31
Finnland <i>Finland</i>	12	3,6	0,26
Frakkland <i>France</i>	13	4,0	0,28
Grikkland <i>Greece</i>	20	5,8	0,33
Holland <i>Netherlands</i>	11	4,0	0,27
Írland <i>Ireland</i>	20	5,0	0,32
Ísland <i>Iceland</i>	10	3,5	0,25
Ítalía <i>Italy</i>	19	0,3	0,33
Króatía <i>Croatia</i>	18	4,6	0,29
Kýpur <i>Cyprus</i>	16	4,3	0,29
Lettland <i>Latvia</i>	19	6,7	0,36
Litháen <i>Lithuania</i>	21	6,9	0,36
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	13	3,8	0,26
Malta <i>Malta</i>	15	4,2	0,28
Noregur <i>Norway</i>	11	4,1	0,28
Portúgal <i>Portugal</i>	20	8,2	0,41
Pólland <i>Poland</i>	21	6,6	0,36
Rúmenía <i>Romania</i>	18	4,9	0,31
Slóvakía <i>Slovakia</i>	13	3,9	0,26
Slóvenía <i>Slovenia</i>	10	3,1	0,22
Spánn <i>Spain</i>	20	5,4	0,32
Svíþjóð <i>Sweden</i>	9	3,3	0,23
Tékkland <i>Czech Republic</i>	10	3,7	0,26
Tyrkland <i>Turkey</i>	26	9,9	0,45
Ungverjaland <i>Hungary</i>	13	4,0	0,28
Þýskaland <i>Germany</i>	13	4,1	0,28

**Skýringar** *Notes:* Lágtekjuhlutfall: Tölur fyrir Slóveníu, Tékkland og Danmörku eru frá 2002. Tölur fyrir Pólland eru frá 2003. Fimmtungastuðull: Tölur fyrir Króatíu, Slóveníu og Tyrkland eru frá 2002. Tölur fyrir Búlgaríu eru frá 2003. Gini-stuðull: Tölur fyrir Bretland, Króatíu, Slóveníu og Tyrkland eru frá 2002. Tölur fyrir Búlgaríu eru frá 2003. *At-risk-of-poverty:* Figures for Slovenia, Czech Republic and Denmark are from 2002. Figures for Poland are from 2003. *20/80:* Figures for Croatia, Slovenia and Turkey are from 2002. Figures for Bulgaria are from 2003. *Gini-coefficient:* Figures for United Kingdom, Croatia, Slovenia and Turkey are from 2002. Figures for Bulgaria are from 2003.

**Heimild** *Source:* Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

## Skýringar og hugtök

1. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (at-risk-of-poverty rate) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 4) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar sem eru með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem eru lægri en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi, undir lágtekjumörkum.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (social transfers) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, fæðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir og bætur frá sveitarfélögum
3. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (disposable income) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
4. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (equivalised disposable income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn sem hafa 500 þús. kr. ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi  $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$  þúsund kr. í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
5. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og hvort fólk á fasteign eða býr í leiguhúsnæði. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem eru fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.
6. *Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði (the most frequent activity status) er sú staða sem svarandinn segist hafa haft meira en helming ársins.
7. *Börn á heimili* Til barna á heimili (dependent children) heyra allir þeir sem eru undir 16 ára aldri og þeir sem eru á milli 16 og 24 ára en eru án vinnu og búa hjá a.m.k. öðru foreldri.
8. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (income quintile share ratio) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og tekna þeirra 20% tekjulægstu.
9. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (Gini-coefficient) mælir í einni tölu milli 0 og 1 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 1 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
10. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggir á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (confidence interval) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna

og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin eru  $\pm 1,2$  eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.

## English summary

In 2003 and 2004, 10% of the population living in private households was at risk of poverty according to the EU-SILC definition. The at-risk-of-poverty threshold, set at 60% of median equivalised income, was 102,664 ISK for persons living alone in 2004 and 215,594 ISK for two adults with two children.

In 2004, 15.4% of persons aged 16–24 years old were at risk of poverty and 5.9% of persons aged 50–64 years old.

A higher percentage of persons who live alone are at risk of poverty than of persons living with others. The same applies to persons living in rented accommodations compared to persons living in their own homes.

In 2004, the income quintile share ratio shows that persons in the top income quintile had 3.5 times the equivalised income of those in the bottom income quintile. Another measure of income distribution, the Gini-coefficient was 0.25 in 2004.

Of 31 European nations, one nation had a lower at risk-of-poverty rate than Iceland, two had the same rate and 27 countries had a higher rate. Two nations had lower income quintile share ratio than Iceland and 28 nations had a higher ratio. Three European nations had a lower Gini-coefficient and 27 had a higher Gini-coefficient.

## Hagtiðindi Statistical Series

92. árgangur nr. 8  
ISSN 0019-1078

## Laun, tekjur og vinnumarkaður *Wages, income and labour market*

2007:1 (Leiðrétt útgáfa 15. júní 2007 *Corrected issue 15 June 2007*)  
ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000  
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland  
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*  
[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)